

Fundargerð Menningarmálanefndar Skaftárhrepps

84. fundur Menningarmálanefndar Skaftárhrepps haldinn á Hótel Klaustur 2. júlí 2018 klukkan 15:00


Mættir: Aðalmenn: Katrín Gunnarsdóttir, Rannveig Bjarnadóttir, Lilja Magnúsdóttir.

Formaður nefndarinnar Katrín Gunnarsdóttir setur fundinn og biður velkominn nýjan kynningarfulltrúa velkominn til starfa en það er Lilja Magnúsdóttir sem líka er meðlimur menningarmálanefndar.

1. Erindi fra Ewu Górecka. Ewa og fleiri hafa verið að vinna mikið með Guðmundi Óla Sigurgeirssyni, hafa meðal annars flutt tónverk eftir hann. Hópurinn ætlar að frumflytja nýtt verk, Undanvillingur, eftir GÓS á Skógum 31. ágúst 2019. Erindið til menningarmálanefndar er að spyrja hvort sé mögulegt að styrkja þetta verkefni? Nefndin samþykkir að veita Ewu Górecka, og félögum hennar í hljómsveitinni Open Squad, 125 000 kr vegna ferðakostnaðar og til flutnings á hljóðfærum.
2. Uppskeruhátið 2018 - uppgjör. Kostnaðurinn var 344 000 kr. Almenn ánægja var með hátíðina.
3. Uppskeruhátið 2019 - hugmyndir að dagskrá -
Tímasetning: 24. október til 27. október 2019, laugardagurinn er 1. vetrardagur
Rætt um dagskrárliði.
4. Hugsanlegt samstarf við íprótta- og tómstundanefnd. Rætt um hvort sé hægt að gera eitthvað sameiginlega um verslunarmannahelgina. Samþykkt að velta þessu meira fyrir sér og hafa samband við formann björgunarsveitarinnar Kyndils.
5. Sumarlokun á Héraðsbókasafninu á Kirkjubæjarklaustri. Rætt um lokun safnsins í júlí og ekki eru allir sammála um hvort eigi að leggja til að hafa opið þann mánuð. Samþykkt að halda fund með forstöðumanni Héraðsbókasafnsins eftir sumarfrí og ræða mál Héraðsbókasafnsins Kirkjubæjarklaustri almennt.
Bókun: Fulltrúi Z listans í menningarmálanefnd, Lilja Magnúsdóttir, vill bóka eftirfarandi. Ég mæli með að Héraðsbókasafnið á Kirkjubæjarklaustri verði opið, lágmark einu sinni í viku, sumarið 2020. Einnig hvet ég til að það verði einhverskonar lestrarhvetjandi verkefni fyrir börn. Hugmyndir að slíkum verkefnum má fá hjá öðrum bókasöfnum eða kennurum.
Bókun: Fulltrúar D lista, Katrín og Rannveig, vilja bóka: Héraðsbókasafnið Kirkjubæjarklaustri hefur rýmri opnunartíma en mörg önnur sambærileg söfn. Opið er til 15. júní, fjóra daga vikunnar og til júníloka einu sinni í viku. Kostnaður við að hafa safnið opið í júlímánuði er meiri en hægt er að réttlæta, miðað við aðsókn yfir hásumarið.
6. Önnur mál
 - Leikhópurinn Lotta. Kynningarfulltrúi, Lilja Magnúsdóttir, hafi samband við þá og athugi hvort þeir geti komið næsta sumar.
 - Margir aðrir listamenn eru á ferð um landið: Söngleikurinn Ellý á ferð um landið - Vesturport, Mugison, Svavar Knútur og Kristjana, Sigríður Thorlacius og Sigurður Guðmundsson samþykkt að kynningarfulltrúi, Lilja, hafi samband við þessa aðila og athugi hvort einhverjir þeirra geti verið með tónleika hér, án þess að fylgi því mikill kostnaður.

Fundi slitið 16:40

Fundarritari Lilja Magnúsdóttir



Lilja Magnúsdóttir
Rannveig Bjarnadóttir